

Profilm ehf.  
Skútuvogi 1g  
104 Reykjavík  
[annadis@profilm.is](mailto:annadis@profilm.is)

Reykjavík 4. september 2018  
UST201808-105/G.G.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Dyrhólaey - Hellnar - Arnarstapi - Mývatn**

#### *Samantekt á lýsingu umsóknar:*

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Profilm, dagsett 16.08.18, fyrir hönd Esja Attractions um leyfi vegna kvikmyndatöku úr þyrlu innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, við Mývatn, í Landmannalaugum og í Dyrhólaey.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 568/2001, Friðland að Fjallbaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979, Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978 og um Mývatn gilda lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.

#### *Lýsing verkefnis:*

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku úr þyrlu á ofangreindum svæðum. Samkvæmt upplýsingum sem bárust vegna verkefnisins er áætlunin eftirfarandi:

- Friðland að Fjallabaki. Flogið yfir Landmannalaugar, 4. september kl. 9:00-11:00.
- Dyrhólaey. Flogið yfir Háey á þyrlu en flugvél, og hugsanlega þyrla, flýgur í gegnum Dyrnar, þ.e. gatið, 6. september kl. 18:00-20:00 (hugsanlega 5. september).
- Snæfellsjökull. Samkvæmt teikningu á flugleið þyrlunnar verður flogið meðfram ströndinni við Þúfubjarg og Djúpalónssand, 9. september kl. 20:00.
- Mývatn. Flogið yfir Höfða, 13. september kl. 18:00.

Fjöldi starfsmanna verður 3-5 og 2-3 ökutæki verða notuð.

Sótt er um leyfi til lágflugs, að flogið sé neðar en 500 fet, allt niður í 20 metra hæð.

#### *Áhrifamat:*

Umhverfisstofnun metur áætlað þyrluflug á fyrrgreindum stöðum á eftirfarandi hátt:

- Friðland að Fjallabaki, Landmannalaugar. Flugið er ekki leyfisskylt en Umhverfisstofnun telur að það geti haft tímabundin neikvæð áhrif á gesti svæðisins.
- Snæfellsjökull. Kvikmyndataka úr þyrlu hefur að öllum líkindum ekki mikil áhrif á dýralíf svæðisins á þessum árstíma, enda fuglavarpí lokið. Hins vegar getur þyrluflug haft áhrif á upplifun gesta. Fram kemur að flogið verður í þjóðgarðinum klukkan 20:00 og á umræddum tíma, 9. september er líklegt að fáir séu á svæðinu og að flugið hafi þ.a.l. ekki mikil áhrif miðað við fyrirliggjandi gögn um tökutíma.
- Dyrhólaey. Leitað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna þyrluflugs við Dyrhólaey. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að flug við Dyrhólaey

verði heimilað á þessum tíma árs enda telur stofnunin ekki líklegt að það hafi áhrif á fuglalíf í eynni. Umhverfisstofnun vill benda á að flug þyrlunnar geti haft tímabundin truflandi áhrif á fuglalíf en fjöldi fugla er á svæðinu þó varptími sé yfirlaðinn.

Þyrluflugið mun einnig hafa tímabundin áhrif á upplifun gesta á svæðinu.

- Mývatn. Sótt var um leyfi til lágflugs á þyrlu yfir Höfða við Mývatn. Leitað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn líkt og lög gera ráð fyrir. Báðar stofnanirnar leggjast gegn því að leyfið verði veitt. Í svari þeirra kemur fram að umrætt svæði sé annað tveggja kjarnabúsvæða húsandarinnar í Mývatnssveit. Þar séu oft stórir hópar húsanda en ekki sé hægt að sjá fyrir hvort mikið eða lítið verði af fugli á umræddu svæði þann dag sem áætlað er að kvikmynda. Húsöndin er einkennisfugl svæðisins, stofninn lítill og að mestu bundinn við Mývatnssvæðið árið um kring. Fyrirhugað þyrluflug geti haft neikvæð áhrif á velferð fugla og annars lífríkis og ætti ekki að eiga sér stað á svæðinu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku úr þyrlu við Dyrhólaey og í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Flug yfir Friðlandi að Fjallabaki er ekki leyfisskylt.

**Umhverfisstofnun hafnar leyfi til flugs undir 500 fetum við Höfða við Mývatn.**

Uppfylla skal eftirfarandi skilyrði:

- Hafa skal **viðeigandi leyfi** meðferðis við upphaf verkefnisins.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst, með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalyssingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á Internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Takmarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til fuglalífs og upplifunar gesta á svæðinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Aldrei skal fljúga loftfari nálægt fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að leita ber leyfis Samgöngustofu vegna lágflugs, þ.e. flugs lægra en 500 fet. Einnig þarf að leita leyfis Samgöngustofu vegna flugs í gegnum Dyrnar í Dyrhólaey. **Nauðsynlegt er að öll tilskilin leyfi séu til staðar til að unnt sé að hefja verkefnið.** Ekki er leyfilegt að lenda þyrlu á svæðinu við Mývatn en bent á flugvöllinn í landi Reykjahlíðar.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvíkmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir  
sviðssjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson  
teymisstjóri

